

## Vorferð FÁT



Askur eftir Siggú frá Grund



Vorferð FÁT, 11. maí, var að þessu sinni um Suðurland.

Komið var fyrst við í Listasafni Árnesinga í Hveragerði og skurðverk eftir Halldór Einarsson skoðuð. Halldór starfaði við tréskurð, lengs af í Ameríku. Hann flutti síðan heim til Íslands á efri árum með mörg skurðverk sem hann ánaðnaði sinni heimabyggð.

Síðan var haldið að Forrsæti í Flóa þar sem Ólafur Sigurjónsson er með sýningarsal. Þar gat að líta ýmislegt fróðlegt sem hann hafði unnið og einnig kom Siggú á Grund með nýjan grip en mörg skurðverk eru eftir hana á staðnum.



Skurðverk Halldórs Einarssonar skoðuð

Hilla eftir Siggú á Grund



Félagið óskar eftir að fá sendar myndir frá vorsýningu og einnig frá vorferðinni. Einnig ef þið eigið aðrar myndir frá starfssemi félagsins frá fyrri tíma. Vinsamlegast sendið á netfangið [silo@mmedia.is](mailto:silo@mmedia.is)

# Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð  
3. tbl. 18. árgangur 2013



## Frá formanni

Vonandi koma allir vel undan sumri þó veðurgæðum hafi verið mismunandi skipt milli landshluta. Veður er enda afstætt hugtak. Hauststarfið er að hefjast og nú er sú breyting að aðalfundur verður ekki fyrir en í febrúar 2014. Það er vegna breytinga á lögum félagsins frá síðasta aðalfundi.

Haustdagskráin sem kynnt er hér í Brýninu er nokkuð hefðbundin þar sem skiptist á opnum húsum og Vinnustundum.

Í Brýninu núna er auglýst eftir nýjum stjórnarmönnum sem taka munu við á næsta aðalfundi. Undirritaður formaður mun m.a. láta af störfum sem formaður. Hef verið formaður í ein 7 ár og kominn tími til að fá nýtt blóð.

Á undanförunum árum höfuð við breytt útliti á Brýninu og sent í tölvupósti til allra þeirra sem hafa netföng. Einnig höfum við nýtt okkur SMS símaskilaboð til að minna á atburði sem eru á vegum félagsins.

Stjórnin hefur verið að vinna að því að efla og safna saman upplýsingar um tréskera fyrri tíma og höfum við nú þegar svolítið safn af upplýsingum. En betur má ef duga skal. Félagið á einnig nokkuð safn af teikningum sem félagsmenn geta fengið aðgang að.

Félagsmiðstöðin Gerðuberg hefur boðið félaginu að leggja til nokkur skurðverk eftir félagsmenn sem sýnd verða frá nóvember fram í febrúar 2014. Stjórnin hefur valið nokkra félagsmenn og er með í huga að skurðverkin endurspegli fjölbreytni í viðfangsefnum.

Formanni finnst margt hafa áunnist en ljóst er að verkefnið eru aldrei tæmandi og sífellt koma nýjar og spennandi áskoranir.

Megi félagsmenn eiga skurðvænan vetur.

Með bestu kveðjum, Sigurjón

## Opið hús í september

Fyrsta opna húsið verður laugardaginn 14. september 2013 kl. 10—12 að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði (beint fyrir aftan Fjarðarkaup).

Félagar kvattir til að koma og ef þeir eru með skurðverk frá sumrinu væri gaman að sjá þau. Ef þið eruð með verk eftir gömlu meistarana vari gaman að sjá og fjalla um þau. Kaffi og meðlæti, bækur, tímarit og teikningar.

Sjáumst öll hress og kát eftir “sumarkvöldin fjögur” - og takið með ykkur gesti.

# Vorsýning FÁT




Sveinsstykki Önnu Lilju

Vorsýning FÁT var haldin í Gerðubergi 13. og 14. apríl. Heiðurssýnandi var Anna Lilja Jónsdóttir

Góð þátttaka var hjá félagsmönnum og mesta aðsókn sem hefur verið að vorsýningu hjá félaginu.

Fjallað var um sýninguna í síðasta tölublaði Brýnis og vísast í það, en hér koma nokkrar myndir.



Anna Lilja Jónsdóttir



Innskotsborð Soffíu Stefánsdóttur



Veggklukka eftir Lilju Sigurðardóttur

Gestabækur eftir Önnu Lilju.



## Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð  
Hólshraun 5 220 Hafnarfjörður  
Netfang: [silo@mmedia.is](mailto:silo@mmedia.is)  
Heimasíða: [treskurdur.muna.is](http://treskurdur.muna.is)  
Ritstjórn er stjórn félagsins

## Haustdagskrá

- |              |                                                                                |
|--------------|--------------------------------------------------------------------------------|
| 14.september | Opið hús (laugardagur milli 10—12)                                             |
| 25.september | Vinnustund (Hólshraun 5 í hafnarfirði milli 20—22)                             |
| 12. október: | Opið hús “Tengsl tréskurðar og kveðskapar” (laugardagur milli 10—12)           |
| 31. október  | Vinnustund (Hólshraun 5 í hafnarfirði milli 20—22)                             |
| 9. nóvember: | Opið hús “Pallborð um væntanlega sýngu í Gerðubergi” (laugardagur milli 10—12) |
| 28. nóvember | Vinnustund (Hólshraun 5 í hafnarfirði milli 20—22)                             |
| 14.desember: | Opið hús “Jólafondur” (laugardagur milli 10—12)                                |
- Vinnustund er þannig að félagar koma og skera út það sem þeir eru að vinna í, skoða bækur, tímarit og teikningar og kaffispjall. Kr. 500,-

## Nýjir stjórnarmenn óskast

Næsti aðalfundur verður í febrúar og ljóst að nokkrir stjórnarmenn vilja hætta.

Í hverju félagi er nauðsynlegt að hafa stjórn sem sér um að skipuleggja starfið og fylgja eftir ákvörðunum frá aðalfundi. Félagsmenn eru kvattir til að láta vita af áhuga sínum t.d. til formanns sími 864 5716 eða netfang [silo@mmedia.is](mailto:silo@mmedia.is)

## Tréskurðarsýning

Sigríður Sigurðardóttir opnaði sýna fyrstu sýningu 7. september. Hún hefur dvalið í London eftir 5 ára nám og störf. Sýningin er í Galleri Garði í Miðgarði á Selfossi og verður opin frá 12—16 og stendur út september. Verkin gerði hún fyrir kirkju í Norður-Englandi.



Mynd frá opnu húsi þar sem Sigríður sagði frá lífi, námi og starfi í tréskurði.